

Bókmenntastefnur

Rómantíska stefnan.....	2
Þjóðernisrómantík.....	3
Raunsæi.....	3
Nýrómantík	4
Ljóðform – hefðbundin / óhefðbundin ljóð.....	5
Bundið mál, laust mál, óbundið mál, prósaljóð.....	6
Súrrealismi	6

Rómantíska stefnan

- Rómantíska stefnan er stefna sem kom fram í bókmenntum fyrir rúmum tvö hundruð árum.
- Þegar sagt er að skáld séu rómantísk er verið að vísa til þessarar stefnu.
- Skáld og rithöfundar rómantísku stefnunnar höfðu ekki áhuga á að fræða fólk í verkum sínum eins og þá var algengt, heldur vildu þau hrífa lesendur með sér.
- Þeim fannst nútíminn ómerkilegur og horfðu aftur til miðalda með hetjur sínar og riddara og fögru meyjar.
 - Staðreyndir voru þreytandi, ímyndunin miklu betri.
 - Nytsamt var leiðinlegt, hið dularfulla og hrikalega var spennandi.
 - Dagurinn fannst þeim of bjartur en nóttin dimm og góð.
 - Í augum þeirra var allt lifandi og þrungið guðdómlegum anda: fjöll, tré, steinar og blóm.
- Nafn stefnunnar gæti gefið til kynna að skáld sem voru undir áhrifum frá henna skrifuðu sykursætar ástarsögur en svo var EKKI. Þau drógu hins vegar fram það óræða og myrka í manssálinni.
- Drakúla greifi og skrímsli doktors Frankensteins eru til dæmis skilgetin afkvæmi rómantíkur.
- Rómantísku skáldin sökktu sér ofan í draugasögur og ævintýri, komin langt að úr djúpi fortíðar, og á þessum tíma fóru menn að safna þjóðsögum skipulega.

Þjóðernisrómantík

- Þjóðernisrómantík er það kallað þegar fólk bindur fágæta og aðlaðandi eiginleika við ákveðna þjóð eða tekur ákveðin einkenni og stækkar þau og ýkir, færir einkenni einstaklinga yfir á allan almenning. Íslendingar hafa til dæmis lagt áherslu á bókmenntaáhuga sinn, og Ísland er stundum kallað „sögueyjan“, einkum erlendis.

Raunsæi

- Raunsæisstefnan er bókmenntastefna sem beint var þvert á allar hugmyndir rómantíkur: menn áttu að skipta sér af nútímanum í skáldskapnum, ekki fortíðinni, og men áttu að lýsa honum af nákvæmni, „sýna lífið í öllum þess myndum.“
- Skáldskapurinn átti að gagnrýna ranglæti í þjóðfélaginu, bæta kjör manna og lækna sálarmein þeirra: breyta heiminum!
- Raunsæisstefnan kom einkum fram í sagnaskáldskap en nokkur ljóðskáld ortu einnig undir merkjum hennar.
- Raunsæið ruddi þó áhrifum rómantíkur aldrei alveg úr skáldskapnum, og strax um aldamótin 1900 komu fram ung skáld sem höfðu engan áhuga á raunsæi en endurnýjuðu rómantíkina í ljóðum sínum. Þau eru oft kölluð **nýrómantísk**.
- Þessar tvær stefnur, raunsæi og (ný-)rómantík, hafa – í einu og til skiptis – sett svip sinn á íslenskan skáldskap síðan.

Nýrómantík

- Nýrómantík kemur fram undir lok 19. aldar.
- Var uppreisn gegn raunsæisstefnu – höfundar vildu hverfa á ný til rómantíkur.
- Þeir höfðu ekki áhuga á þjóðfélagsbreytingum og kjörum almúgans – vildu láta sig dreyma burt frá veruleikanum. Stefnunni fylgdi andúð á borgaralegum lífsháttum. Frekar var fjallað um:
 - þjóðlega rómantík og hetjudýrkun,
 - dulhyggju og trúarbrögð.
- Nýrómantík táknað fremur andóf gegn fyrri stefnu en beinlínis fastmótaða stefnu.
- Höfundar stefnunnar eru sundurleitir, erfitt að finna sameiginlegan grunn
- Á Íslandi birtist nýrómantík helst í ljóðagerð, þá fyrst í kvæðum Einars Benediktssonar.
- Einkenni nýrómantíkur eru m.a.:
 - meitlaður stíll, samþjappað mál, mikið lagt upp úr myndmáli,
 - dauðabeygur – feigð,
 - bölsýni,
 - nautn augnabliksins – nútíminn – núíð,
 - mjög skarpar andstæður – gott eða vont og ekkert þar á milli,
 - innhverfur ljóðstíll,
 - engar málalengingar,
 - myndir og tákn voru látin tala.

Ljóðform – hefðbundin / óhefðbundin ljóð

- Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, 1939-1945, varð bylting í atvinnuháttum, lífsháttum, lífsstíl og menningu á Íslandi.
- Gamli skáldskapurinn dugði ekki til að lýsa þessum breytingum.
- Frá aldamótum höfðu skáldin gert tilraunir með **frjálst ljóðform** (þ.e. þegar formlegum reglum í skáldskap s.s. stuðlar, höfuðstafir og rím er ekki fylgt) og nú var kominn tími til að hætta tilraunum og bylta skáldskapnum eins og öðru í þjóðfélaginu.
- Áhugamenn um bókmenntir í landinu urðu alveg bandvitlausir og skömmuðust yfir formi ljóðanna.
- En kannski voru það yrkisefnin sem menn voru svona gramir yfir en ekki sjálft form ljóðanna.
- Þessi ungu skáld voru svartsýn á framtíðina í skugga atóm-sprengjunnar og þessi nýi veruleiki kom fram í ljóðum þeirra.
- Þau skáld byltingarinnar sem mesta athygli vöktu voru kallaðir einu nafni „**atómskáldin**” (orðið kemur úr sögu eftir Halldór Laxness).
- Atómskáldin voru: Stefán Hörður Grímsson, Hannes Sigfússon, Sigfús Daðason, Einar Bragi og Jón Óskar.
- Erlenda orðið yfir þessa forbyltingu í skáldskap er **móðernismi** og þeir sem aðhyllast hana kallaðir **móðernistar**.

Bundið mál, laust mál, óbundið mál, prósaljóð

- Ljóð eru öðru nafni kölluð **bundið mál**, enda voru íslensk ljóð lengst af bundin með stuðlum og rími og það greindi þau frá öðrum texta, **óbundnu máli** eða **lausu máli**.
- Þó að ljóð séu ekki lengur bundin saman með reglulegum stuðlum og rími halda þau öðrum ljóðrænum einkennum, t.d.:
 - ákveðinni hrynjandi
 - skáldlegu orðavali
 - ýmsum ljóðrænum stílbrögðum
 - myndmáli.
- Líkust óbundnu máli eru **prósaljóð** eða ljóð í lausu máli. Þau eru sett upp eins og óbundið mál en bera þó mörg einkenni ljóða. Þau mega ekki vera löng og ýmis skáldleg brögð eru notuð til að þjappa textanum saman, gera hann hnitmiðaðan, til dæmis myndmál.

Súrrealismi

- **Súrrealismi þýðir 'yfirraunsæi'**, eitthvað sem er meira en raunsætt, gengur út í öfgar, og kom upp sem stefna í bókmenntum og málalagum um 1920.
- Fylgismenn þessarar stefnu vildu los um hömlur uppeldis og siðmenningar og kafa ofan í sálarlífið og draumana og gá hvað kæmi upp.
- Þeir skrifuðu það sem þeim datt fyrst í hug, til dæmis í viðlíkingum og öðru myndmáli, gerðu tilraunir með ósjálfráða skrift og hirtu lítið um byggingu verka sinna.
- Þeir vildu frelsa hugsanir og hvatir manneskjunnar en ekki aga hana.
- Frægt súrrealísk viðlíking er: „fagurt eins og óvæntur fundur saumavélar og regnhlífur á skurðarborðinu.”
- Einstaka verk eftir íslensk skáld á fyrri hluta 20.aldar bera merki súrrealisma, til dæmis Vefarinn mikli frá Kasmír eftir Halldór Laxness; en undir lok aldarinnar má sjá greinileg áhrif frá stefnunni á ung skáld. Sjón og félagar hans í Medúsuþópnum voru yfirlýstir fylgismenn stefnunnar.

